



Ragnheiður B. Guðmundsdóttir,
félagsráðgjafi, fjölskyldufræðingur og eigandi Tengslamats

Tengslamiðuð nálgun

Tengslamiðuð nálgun getur verið skaðaminnkandi fyrir börn og foreldra. Á Félagráðgjafafinginu í febrúar 2026 var kynnt tilviksrannsókn (e. case study) þar sem unnið var með fjölskyldu út frá tengslamiðuðri nálgun og þarfir fjölskyldunnar skimaðar með tengslamatstækjum sem öll eru byggð á sama fræðilega grunni, (Dynamic-Maturational Model of Attachment and Adaptation) DMM-tengslahegðunarmódelinu.

UM FJÖLSKYLDUNA

Fjölskyldan var sú fyrsta sem vísað var frá barnavernd, með ósk um heildstæða endurhæfingu tengsla í Lífsgæðasetri St. Jó, fyrir móður og barn. Fyrir áhugasama, þá er fjallað um mál þeirra í bókarkafli um tilviksrannsókn sem höfundur skrifaði ásamt dr. Ben Grey og kom nýverið út í Bretlandi. Heiti bókarinnar er *The Meaning of the Child Interview; Making Sense of Parent-Child Relationships* og heiti bókarkafans er „The Meaning of the Child in Child Welfare: A Case Study of Assessment and Intervention in an Icelandic Context“. Þess ber að geta að nöfnum foreldra og barns hefur verið breytt auk þess sem foreldrar

undirrituðu upplýst samþykki fyrir bókarskrifum og kynningu.

GAGNREYNDU TENGLAMATS-TÆKIN Í MÁLI FJÖLSKYLDUNNAR

Tengslamatstækin sem notuð voru í upphafi til að kynnast fjölskyldunni og þörfum allra fjölskyldumeðlima og skoða tengsl þeirra á milli lögðu grunn að skaðaminnkandi meðferðarvinnu fyrir barn og foreldra. Matstækin sem notuð voru í upphafi voru: Adult Attachment Interview, AAI, tengslaviðtal við móður þar sem skoðuð var reynsla hennar úr barnæsku og hvaða skilning hún legði í bernskupplifanir sínar. Tekin voru tengslaviðtöl byggð á aðferðafræðinni Meaning of the Child, MotC, við báða foreldra um samband þeirra við Birtu og væntingar þeirra til hennar, hvernig foreldrasamvinnu væri háttað og innsýn þeirra í tengslarþarfir Birtu. Tekið var tengslaviðtal við Birtu byggt á aðferðafræðinni School-age Assessment of Attachment, SAA, þar sem þarfir hennar voru skimaðar, upplifun hennar af tengslum við foreldra sína og vini könnuð, svo og líðan hennar í vistun hjá föður. Í lokin voru síðan tekin tengslamyndbönd byggð á rannsóknartækinu Toddler

Care Index, TCI, af Birtu í leik með foreldrum sínum, sínu í hvoru lagi, til að skima tengslahegðun hennar með foreldrum.

Báðir foreldrar höfðu átt erfiðar upplifanir í bernsku þar sem ítrekað kom til íþyngjandi íhlutana af hálfu barnaverndar. Báðir foreldrar höfðu verið í neyslu um tíma, en barnið var vistað tímabundið hjá föður þegar málið kom til höfundar.

NIÐURSTÖÐUR TENGLAMATA

Helstu niðurstöður tengslamata gáfu til kynna lítil tengsl föður og Birtu. Í MotC-tengslaviðtali átti faðir erfitt með að lýsa sambandi sínu við Birtu og lagði hann áherslu á að Birta sýndi góða hegðun á heimili hans. TCI-tengslamyndbönd gáfu til kynna að faðir og Birta væru ekki vön að leika sér saman, en í leikhléi gat faðir sett Birtu mörk.

AAI-tengslaviðtal við móður gaf til kynna óuppgerð áföll og áfallastreitu hennar. MotC-tengslaviðtal við móður bar vott um góða innsýn hennar í þarfir Birtu og sterk tengsl þeirra á milli en greina mátti hlutverkasnúning í tengslum móður og barns vegna þunglyndis móður. TCI-tengslamynd-

Fjölskylduteikning eftir Birtu, 8 ára gamla dóttur Söru og Jónasar



Á myndinni eru lengst til vinstri hundur og köttur sem barnið (Birta) á hjá móður, þá stjúpfaðir, Sara móðir Birtu, Birta, stjúp móðir, Jónas faðir Birtu, litli bróðir, stjúpsystir og andvana fætt barn á himnum. Fjölskylduteikningin var send utan til greiningar og gaf teikningin til kynna þunglyndi móður, vinstra megin, þar sem fjölskyldumeðlimir eru ekki í lit. Fölsk bros sjást hjá móður og stjúpföður sem gefa til kynna vanda fjölskyldunnar á þeim tíma þegar barnið var vistað hjá föður. Barnið snýr að móður, sem er ekki með snjalltæki í hendi, en fjarlægðar gætir meðal annarra uppalenda. Þá er stjúpfaðir að horfa á TikTok-myndbönd í símanum, stjúp móðir er með sjónvarpsfjarstýringu að horfa á sjónvarpsseríur og faðir að spila FIFA í fartölvunni sinni.

böndin af Birtu í leik með móður gáfu til kynna sterk tengsl en um leið hlutverkasknúning Birtu, þar sem Birta var að mæta tengslapörfum móður í ríkari mæli. SAA-tengslaviðtal við Birtu gaf til kynna þörf hennar fyrir móður sína, gæludýrin sín og vinkonur sínar í sínu nánasta umhverfi hjá móður. Faðir bjó í öðru sveitarfélagi, langt frá vinkonum barnsins. Birta upplifði einangrun í vistun hjá föður auk þess sem tengsl hennar við föður voru veik. Hún sýndi einkenni depurðar er hún talaði um að mögulega yrði vistun hjá föður lengd, sem myndi leiða til þess að hún þyrfti að rjúfa tengsl við sínar bestu vinkonur og bekkjarsystkini með því að skipta um skóla. Niðurstöður allra tengslamata voru að mikilvægt væri að Birta myndi sameinast móður og þær mæðgur fengju ríkulegan stuðning í tengslaeflandi endurhæfingu.

ENDURHÆFING TENGSLA Í LÍFSGÆÐASETRI ST. JÓ

Veittur var viðtækur stuðningur í Lífs-gæðasetri St. Jó, þar sem barn og móðir sóttu saman tengslaeflandi meðferð með áherslu á að byggja upp sterk tengsl þeirra á milli og vinda ofan af þeim hlutverkasknúningi sem hafði átt sér stað. Stefnt var að því að móðir yrði til staðar fyrir barnið á forsendum barnsins og mætti þannig tengslapörfum þess. Móðir og barn sóttu saman tíma í jóga nidra, móðir fékk viðtöl hjá ADHD- og einhverfumarkþjálfara og hún sótti tíma í heilun og slökun til að róa taugakerfi sitt. Barnið sótti sálfræðiviðtöl og talþjálfun. Þá var einnig veittur stuðningur með innliti á heimili móður, sem hafði verið veittur áður, til að aðstoða móður við að vakna og sinna daglegri rútínu. Eftir að endurhæfing hófst var ekki þörf á

heimastuðningi þar sem móðir var komin í virkni og sinnti meðferð af natni. Teymisfundur var haldinn um miðbik endurhæfingar þar sem allir fagaðilar sem komu að máli þeirra mæðgna komu saman ásamt móður. Litið var á móður sem sérfræðing í málum þeirra mæðgna og hún gat því dæmt um hvort stuðningurinn væri of mikill eða honum væri ábótavant. Móðir reyndist vera sátt með umfang stuðnings. Í lok tengslaeflandi endurhæfingar greindi móðir frá því að hún hefði upplifað traust í allri vinnslu málsins auk þess sem hún treysti barnavernd á ný. Mikilvægast var að stúlkan upplifði öryggi og var komin heim til móður á ný þar sem hún naut stuðnings fagaðila og samvista við vinkonur sínar.

Viðtal við Ragnheiði er að finna í hlaðvarpi FÍ

